

## AÐALFUNDUR FIRST WATER HF.

Aðalfundur First Water hf. verður haldinn kl. 16:00 þann 4. júní 2026 og fer fram á Hilton Nordica, Suðurlandsbraut.

### Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Skýrsla forstjóra og ársreikningur kynntur.
3. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með tap félagsins.
4. Stjórnarkjör.
5. Kjör endurskoðenda eða endurskoðunarfirma.
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
7. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
8. Önnur mál löglega upp borin.

Þátttaka á fundinum takmarkast við þá er mæta á fundinn.

### Reglur er varða þátttöku og atkvæðagreiðslu á fundinum

Eitt atkvæði fylgir hverri krónu af hlutafé í félaginu. Einfaldur meirihluti ræður atkvæðum á hluthafafund nema annað leiði af samþykktum félagsins eða íslenskum lögum. Hluthafar sem ekki mæta á fundinn geta greitt atkvæði um dagskrárliði með bréfa atkvæði. Hluthafi getur veitt skriflegt og dagsett umboð. Slíkt umboð gildir einungis í eitt ár frá útgáfu. Umboð geta verið afturkölluð hvenær sem er þar til því hefur verið framvísað á fundinum. Umboðum skal skilað til félagsins áður en aðalfundur hefst.

### Aðrar upplýsingar

Fundarstörf fara fram á íslensku. Fundargögn verða lögð fram á fundinum og eru fram að fundi aðgengileg á skrifstofu félagsins. Hluthafar eiga rétt á að ákveðin mál séu tekin til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir um það skriflega kröfu til stjórn félagsins á netfangið [agm@firstwater.is](mailto:agm@firstwater.is) með það löngum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins, 7 dögum fyrir fundinn.

Hluthöfum er bent á að skv. 63. gr. hlutafélagalaga skal tilkynna skriflega, minnst fimm dögum fyrir hluthafafund, um framboð til stjórnar. Framboðum skal skila á skrifstofu félagsins, Urðarhvarfi 8B á 2. hæð eða á netfangið [agm@firstwater.is](mailto:agm@firstwater.is)

**Reykjavík, 20. maí 2026**

**Stjórn First Water hf.**